



ADHD
samtökin

Ársskýrsla 2023

ADHD samtökin
581-1110
adhd.is
adhd@adhd.is

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit		i
Yfirlit mynda		ii
1	Ársskýrsla ADHD samtakanna fyrir árið 2023	1
2	35 ára afmæli ADHD samtakanna	3
2.1	Afmælisnefnd	3
2.2	Betra líf með ADHD	4
2.3	Afmælisrit um allt land	4
2.4	Afmælishátíð – frumkvöðlar heiðraðir	5
2.5	Afmælisbolir	5
2.6	Sumarhátíð	6
2.7	Alþjóðleg ráðstefna	7
3	Fræðsluefni – Útgáfa	8
3.1	Bæklingar	9
3.2	Útgáfa bóka	9
4	Starfsemi ársins	10
4.2	Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna	11
4.3	Fyrirlestrar, og fræðslu- og spjallfundir	12
4.4	TEAM ADHD – Reykjavíkumaráðuneytið Íslandsbanka	13
4.5	Námskeið og fræðsla	14
5	Kynningarmál	16
5.1	Samfélagsmiðlar	16
5.2	ADHD í beinni	17
5.3	Lífið með ADHD	17
5.4	Fjölmiðlaumfjöllun	18
5.5	Ályktanir og umsagnir	19
5.6	Landsbyggðin	20
6	Samstarf	21
6.1	Norrænt samstarf	21
6.2	ADHD Europe	21
6.3	ADHD World Federation	21
6.4	CHADD í Baltimore	22
6.5	Samstarf og starfshópar	22
6.6	Helstu áherslur	23
7	Starfsmannamál	24
8	Stjórn samtakanna	25
9	Húsnæðismál	25
Ársreikningur	Ársreikningur	

YFIRLIT MYNDA

Forsíða	ADHD mynd eftir Hjalta Parelius	
Mynd 1	Afmælishátíð ADHD samtakanna	1
Mynd 2	Starfsfólk stóð vaktina á FIT&RUN 2023	2
Mynd 3	Frumkvöðlar heiðraðir	3
Mynd 4	Nýtt logo- og einkennisorð	4
Mynd 5	Afmælisrit samtakanna	5
Mynd 6	Afmælisbolir eftir Hjalta Parelius og Hugleik Dagsson	6
Mynd 7	Afmælissumarhátíð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum	6
Mynd 8	Auglýsing afmælisráðstefnu ADHD samtakanna	7
Mynd 9	Bæklingar samtakanna	8
Mynd 10	Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna	11
Mynd 11	Fræðslufundur um ADHD, lesblindu og snjalltækni	12
Mynd 12	Hlaupari í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka	13
Mynd 13	Logo ADHD í beinni og Lífið með ADHD	16
Mynd 14	Umsagnir við frumvörp	18
Mynd 15	Yfirlitskort af útibúum ADHD samtakanna um landið	19
Mynd 16	Starfsfólk samtakanna	20
Mynd 17	Skrifstofa ADHD samtakanna, Háaleitibraut 13	21
Mynd 18	Logo ADHD Europe	22
Mynd 19	CHADD ráðstefna Baltimore	23

ÁRSSKÝRSLA ADHD SAMTAKANNA FYRIR ÁRIÐ 2023

ADHD samtökin voru stofnuð 7. apríl 1988 og hétu upphaflega Foreldrafélag misþroska barna. Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með ADHD og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og hafi gott aðgengi að þjónustu sem hefur það að markmiði að hámarka hæfni þeirra og lífsgæði á öllum aldurskeiðum.



Afmælishátið ADHD samtakanna

Samtökin vinna að markmiðum sínum með því að búa yfir eða eiga í samstarfi við aðila sem hafa framúrskarandi þekkingu á greiningu, meðferð og stuðningi við einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir. Þeirri þekkingu er miðlað til hagsmunaaðila með ráðgjöf og öflugum fræðslustarfi ásamt því að sinnt er markvissri hagsmunagæslu í eigin nafni eða í góðu samstarfi við aðra með sömu baráttumál á stefnuskrá sinni.

Áframhaldandi vöxtur og verkefni tengd 35 ára afmæli ADHD samtakanna einkenndi starfsemina árið 2023. Félagsmönnum fjölgaði úr 4.086 í 4.470 eða um 9%. Ein skráning gildir fyrir hverja fjölskyldu en bak við þá tölu reynast yfirleitt mun fleiri þar sem ekki er óalgengt að aðrir fjölskyldumeðlimir glími einnig við röskunina.

Í tilefni af 35 ára afmæli samtakanna var ráðist í nokkur stór verkefni á árinu, allt undir nýju merki félagsins og slagorðinu Betra líf með ADHD. Veglegt afmælisrit var gefið út og því dreift um allt land.

Afmælishátíð var haldinn í afmælistánuðinum, þar sem m.a. forsætisráðherra heiðraði brautryðjendur samtakanna, Sumarhátíð var haldinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og glæsileg alþjóðleg afmælisráðstefna var haldin í lok október með meiru.

Á árinu fjölgaði útbúum samtakanna, námskeiðahald og fræðslustarf samtakanna jókst og mikil áhersla var lögð á lyfjamál og baráttu fyrir bættri og aukinni þjónustu hins opinbera við greiningar og meðferð vegna ADHD.

Líkt og undanfarin ár, grundvallast aukin starfsemi ADHD samtakanna fyrst og fremst á rausnarlegum stuðningi almennings við samtökin. Á árinu nutu samtökin auk þess veglegs stuðnings frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, Heilbrigðisráðuneyti, Reykjavíkurborg og ÖBÍ réttindasamtökunum svo helstu styrktaraðilar séu nefndir.

Skrifstofa samtakanna var opin alla virka daga ársins frá kl. 13-16. Samtökin veita fullorðnum, foreldrum og fagfólki ráðgjöf í síma, með tölvupósti og sinna þeim sem á skrifstofuna leita. Gott samstarf er milli ýmissa félagasamtaka, sem deila húsnæði að Háaleitisbraut 13. ADHD samtökin eru þar að auki eitt af stofnfélögum Sjónarhóls ráðgjafarmiðstöðvar.

Ársskýrsla ADHD samtakanna miðast við almanaksárið í samræmi við ársreikninginn og á að gefa gott yfirlit yfir starfsemi félagsins og helstu verkefni.

Áframhaldandi vöxtur og verkefni tengd 35 ára afmæli ADHD samtakanna einkenndi starfsemina árið 2023. Félagsmönnum fjölgaði úr 4.086 í 4.470 eða um 9%



Starfsfólk stóð vaktina á FIT&RUN 2023

35 ára afmæli

ADHD samtökin voru stofnuð í apríl árið 1988 og fögnuðu því 35 ára starfsafmæli á árinu. Stjórn samtakanna ákvað um mitt ár 2022 að nýta tímamótin vel til að vekja athygli á starfsemi samtakanna, fagna þeim miklu framförum sem orðið hafa á starfstímanum og heiðra frumkvöðla samtakanna.

Afmælisnefnd

Sérstök afmælisnefnd var skipuð til að halda utan um verkefnið með starfsfólki samtakanna. Starfaði hún allt árið og hélt á annan tug funda.

Formaður afmælisnefndarinnar var Gyða Sigurlaug Haraldsdóttir, varaformaður ADHD samtakanna og með henni í nefndinni voru Ellen Calmon, f.v. framkvæmdastjóri ADHD samtakanna og Sólveig Ásgrímsdóttir, f.v. ritari ADHD samtakanna.

Með nefndinni störfuðu Elín H. Hinriksdóttir og Hrannar Björn Arnarsson, starfsmenn ADHD samtakanna.

Frumkvöðlar heiðraðir fyrir ómetanlegt framlag þeirra í þágu fólks með ADHD.



Betra líf með ADHD

Ákveðið var að nýta afmælisárið til að endurgera merki samtakanna og færa það til nútímans. Jafnframt var ákveðið að yfirskriftin Betra líf með ADHD yrði notuð allt afmælisárið og hún samþætt nýju merki félagsins – a.m.k. út árið. Gísli Arnarson hönnuður vann tillögur að nýju merki og yfirskrift ársins og samþykkti stjórn tillögur hans í lok árs 2023.



Hér má sjá útfærslur af nýju logo- og einkennisorðum samtakanna

Afmælisrit um allt land

Í tilefni af 25 ára afmæli samtakanna var gefið út veglegt tímarit, stútfullt af fróðleik um starfsefmi samtakanna ásamt áhugaverðum viðtölum við fjölda einstaklinga. Meðal viðmælenda voru Tobba Marínós frumkvöðull, Atli Már fjölmiðlamaður, Mæja listakona, Baldur og Flosi stjórnendur hlaðvarpsþattarins „Draugar fortíðar“, Bryndís Haraldsdóttir námsráðgjafi og Katrín Davíðsdóttir barnalæknir ásamt fleirum. Tímaritið var 24 blaðsíður, prentað í 80.000 eintökum og dreift um allt land.

Afmælishátíð – frumkvöðlar heiðraðir

Um miðjan apríl héldu ADHD samtökin upp á 35 ára afmælið með pompi og prakt í Gyllta salnum á Hótel Borg. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, ávarpaði gesti og tónlistarmaðurinn Eyþór Ingi tróð upp. Grínarinn og ísgerðarkonan Anna Svava Knútsdóttir stýrði viðburðinum með glæsibrag.

Katrín Jakobsdóttir og Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður ADHD samtakanna, veittu síðan völdum aðilum heiðursviðurkenningu fyrir ómetanlegt framlag þeirra í þágu fólks með ADHD. Viðurkenninguna hlutu Matthías Kristiansen og Heidi Kristiansen, Ingibjörg Karlsdóttir, Elín Hoe Hinriksdóttir og Björk Þórarinsdóttir heitin, en öll voru þau í forystu samtakanna og bera mikla ábyrgð á velgengni þeirra í dag. Ingibjörg Karlsdóttir tók á móti viðurkenningu Matthíasar og Heidi í fjarveru þeirra og Alexander Kristinsson tók á móti viðurkenningu fyrir hönd móður sinnar Bjarkar Þórarinsdóttur.

Afmælisbolir

Þrír nýir ADHD bolir voru settir í sölu í tilefni af 35 ára afmælinu. Annars vegar bolur sem hannaður er af listamanninum Hjalta Parelus en hann hefur getið sér gott orð fyrir verk sín sem geta flokkast undir popp- og klippimyndalist. Bolinn er hægt að fá í bláum, grænum og gulum litum. Hins vegar eru tvennskonar bolir hannaðir af listamanninum Huggleiki Dagssyni, með sömu myndum og prýða nýjustu endurskinsmerki samtakanna. Allar tegundir eru fáanlegar í dömu-, unisex- og barnasniðum í vefverslun samtakanna.

Í tilefni af 35 ára afmæli samtakanna var gefið út veglegt tímarit, stútfullt af fróðleik

Betra líf með ADHD
35 ára afmælisrit ADHD samtakanna

<p>ATLI MÁR FJÓLMÍÐLAMADUR SKILDI LÓKSINS SJÁLFAN SIG ÞEGAR HANN VAR GREINDUR</p>	<p>MÆJA LISTAKONA HVATVÍSIN JÁKVÆÐUR FYLGIFISKUR SEM NÝTIST Í LISTUM OG LÍFI</p>	
<p>TOBBA MARÍNÓS SEGIR ADHD VERA DREKA SEM ÞURFI AÐ TEMJA</p>	<p>HLADVARPSDRAUGARNIR BALDUR OG FLOSI tala opinskátt um eigið ADHD og þunglyndi</p>	<p>NÁMSRÁÐGJAFINN BRYNDÍS HARALDSDÓTTIR GEFUR GÓÐ RÁÐ FYRIR UNGLINGA</p>

adhd.is

BETRA LÍF MEÐ ADHD ADHD **í 35 ár**

Afmælisrit samtakanna

Sumarhátíð

Í byrjun júní héldu ADHD samtökin afmælissumarhátíð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Fjöldi fólks mætti á hátíðina og naut sín í blíðskaparveðri.

Ókeypis var í öll tæki, heitt á grillinu og boðið upp á SS pylsur og drykki frá Ölgerðinni. Skemmtileg dagskrá var fyrir börn á öllum aldri og Lalli töframaður gekk um með blöðrur, sýndi ýmis töfrabrögð ásamt því að spila nokkur lög. Einnig var boðið upp á andlitsmálun, krakkakaróki og Listasmiðjan sá um föndur fyrir alla fjölskylduna.



Afmælisbolir eftir Hjalta Pareljus og Hugleik



Alþjóðleg ráðstefna

Í tilefni 35 ára afmælisins var blásið til veglegrar tveggja daga alþjóðlegrar afmælisráðstefnu í samstarfi við ADHD Europe, þann 26. og 27. október. Yfirskriftin var „Betra líf með ADHD“ en eins og nafnið gefur til kynna var áhersla lögð á hvernig hægt er að vinna með þær áskoranir sem röskunin veldur en ekki síður að vekja athygli á, ýta undir og hámarka styrkleika einstaklinga með ADHD.

Mikil breidd var í dagskránni og spannaði hún ADHD á öllum sviðum lífsins allt frá leikskóla og upp á efri ár. Fjöldmargir fyrirlesarar komu fram og að öðrum ólöstuðum ber að nefna að fengnir voru sex erlendir fyrirlesarar í fremstu röð sérfræðinga í ADHD röskuninni.

Meðal fyrirlesara voru Ari Tuckman, sálfræðingur og kynlífsráðgjafi, Urður Njarðvík, prófessor, Kathleen Nadeau, sálfræðingur, Jóna Kr. Gunnarsdóttir, kennsluráðgjafi, Saaskia van der Oord, prófessor í sálfræði, Amori Yee Mikami, prófessor í sálfræði, Lachenmeier, geðlæknir og Dr. Sandra Koji, geðlæknir ofl.

Þátttakendur sem voru vel á annað hundrað, voru hæstánægðir með afmælisráðstefnuna, lofuðu fræðandi fyrirlestra og glæsilega dagskrá.



35 ára afmælisráðstefna ADHD samtakanna

Grand Hótel dagana 26. og 27.
október 2023

BETRA LÍF MEÐ ADHD

Auglýsing afmælisráðstefnu ADHD samtakanna

Skráðu þig á
ADHD.is/35ara



FRÆÐSLUEFNI

Bæklingar

ADHD samtökin hafa verið öflug í útgáfu bóka og fræðslubæklinga á liðnum árum. Nýir bæklingar eru gefnir út nánast árlega og þeir eldri endurgerðir og/eða endurprentaðir reglulega. Einnig er unnið að þýðingu allra fræðslubæklinga yfir á ensku og pólsku til að mæta þörfum sem flestra í íslensku samfélagi.

Árið 2023 voru allir fræðslubæklingar samtakanna endurskoðaðir og endurgerðir á rafrænu formi, m.a. með nýju merki samtakanna. Þá voru þó nokkrir endurprentaðir.

Fræðslubæklingar ADHD samtakanna fást án endurgjalds og standa öllum til boða. Þá er einnig að finna í rafrænni útgáfu á vefsíðu samtakanna www.adhd.is



Útgefnir bæklingar

- Hvað er ADHD? (almennur fræðslubæklingur um ADHD, endurbættur 2023)
- What is ADHD? (sami bæklingur á ensku 2016)
- Co to Jest? (sami bæklingur á pólsku 2016)
- Börn og ADHD (2011, endurbætt útgáfa 2019)
- Children and ADHD (sami bæklingur á ensku 2019)
- Dzieci i ADHD (sami bæklingur á pólsku 2019)
- Stúlkur og ADHD (2011)
- Ha, ertu að tala við mig? (endurbættur 2023)
- ADHD utan skólastofunnar (ætlaður starfsfólki grunnskóla, endurbættur 2023)
- Unglingar og ADHD (2014, endurgerður 2022)
- Teenagers and ADHD (sami bæklingur á ensku 2022)
- Młodzież z ADHD (sami bæklingur á pólsku 2022)
- Náin sambönd og ADHD (2016)
- Afbrot og ADHD (2016)
- Systkini og ADHD (2018)
- Atvinna og ADHD (2019)
- ADHD in the Workplace (sami bæklingur á ensku 2022)
- Praca i ADHD (sami bæklingur á pólsku 2022)
- Fullorðnir og ADHD (2011, endurbætt útgáfa 2020)
- Adults and ADHD (sami bæklingur á ensku 2020)
- Dorosli i ADHD (sami bæklingur á pólsku 2020)

Útgáfa bóka

Engar nýjar bækur voru gefnar út hjá samtökunum árið 2023. Bækur ADHD samtakanna eru því þessar:


- ADHD og farsæl skólaganga (í samvinnu við Námsgagnastofnun, endurútfingin 2015)
- Leyndardómar heilans – láttu verkin tala (2014)
- Leikskólar og ADHD (2015)
- Ferðalag í flughálfu, unglíngar og ADHD (2017, endurútfingin 2021)
- Elli – Dagur í lífi drengs með ADHD (2020)
- Hámarksárangur í námi með ADHD (2010)
- Hámarksárangur í námi með ADHD – verkefnabók (2009)

STARFSEMI ÁRSINS

ADHD samtökin fengu umtalsverða styrki á árinu sem nýttust vel til að efla starfsemina. Þúsundir einstaklinga og fyrirtækja lögðu samtökunum þannig lið og nutu skattaafsláttar í samræmi við skráningu samtakanna á almannaeillaskrá RSK.

Stærri styrkir bárust síðan frá Félags- og vinnumarkaðsráðherra, Heilbrigðisráðherra, Reykjavíkurborg, ÖBÍ réttindasamtaka, Reykjanesapóteki, Fit and run ESPO 2023, Ölgerðinni, Alvogen, Vistor, Vogum, Grímsnes- og Grafningshreppi, Garðabæ, Norðurþingi, Múlaþingi, Grindavík og fleirum.

Á árinu tóku ADHD samtökin upp nýtt styrktarmannakerfi sem kallað er Snillingar en þar geta einstaklingar og fyrirtæki styrkt samtökin með mánaðarlegum greiðslum að eigin vali.



Þróun skráðra félaga frá 2020, aðeins þarf eina skráningu per heimili

Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna

Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna voru veitt í þriðja sinn á árinu, en þau eru ætluð hverjum þeim sem með mikilsverðum hætti hefur lagt sitt fram til bæta lífsgæði fólks með ADHD á Íslandi. Verðlaunin má veita til einstaklinga, félagasamtaka, stofnanna, fyrirtækja eða hverskyns lögaðila.

Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð ses. hlaut hvatningarverðlaun samtakanna árið 2023 fyrir „Ómetanlegan stuðning við börn með ADHD og fjölskyldur þeirra í hátt í 20 ár.“ Bóas Valdórsson, framkvæmdastjóri Sjónarhóls veitti verðlauninum móttöku við hátíðlega athöfn við upphaf 35 ára afmælisráðstefnu ADHD samtakanna.

Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra afhenti verðlaunin ásamt Vilhjálmi Hjálmarssyni, formanni ADHD samtakanna.

Í ávarpi sínu við verðlaunaafhendinguna fór Vilhjálmur yfir rökstuðning stjórnar fyrir valinu og sagði m.a. eftirfarandi:

Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð ses. tók formlega til starfa 1. ágúst 2004. Stofnaðilar sjálfseignarstofnunarinnar eru ADHD samtökin (ADHD), Landssamtökin Broskahjálpar (LB), Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra (SLF) og Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum (UH).

Sjónarhóll er óháð ráðgjafarmiðstöð sem frá upphafi hefur unnið að því að styrkja og efla einstakar fjölskyldur. Á síðustu 20 árum hafa tæplega 6 þúsund fjölskyldur fengið aðstoð, ráðgjöf og fræðslu á ýmsu formi og þjónusta Sjónarhóls frá upphafi verið gjaldfrjál.

Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð ses. hlaut hvatningarverðlaun samtakanna árið 2023 fyrir „Ómetanlegan stuðning við börn með ADHD og fjölskyldur þeirra í hátt í 20 ár.“



Vilhjálmur Hjálmarsson formaður ADHD samtakanna, Bóas Valdórsson, framkvæmdastjóri Sjónarhóls og Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra.

Í starfi Sjónarhóls er lögð áhersla á að mikilvægt sé að mæta þörfum barna með skilgreindar stuðningsþarfir og starfsfólk vinnur markvisst að því að tengja saman þjónustuveitendur, veita ráðgjöf um hvar þjónusta er að finna ásamt því að vekja athygli á málum þegar skortur er á þjónustu eða ef þjónusta og stuðningur er ekki að skila sér til þeirra sem á þurfa að halda. Ráðgjafar Sjónarhóls hafa sinnt fjölskyldum barna á öllum aldursbilum út um allt land.

Foreldrar barna með ADHD hafa í miklu mæli reitt sig á Sjónarhól í gegnum tíðina og ADHD tengdum fyrirspurnum fjölgað ár frá ári. Inntak slíkra erinda er oft á þann veg að foreldrar eru óvissir með hvaða þjónusta er í boði fyrir börnin sín, hvaða réttindi börnin hafa og hvernig best er að bera sig að sækja stuðning og aðstoð hjá hinu opinbera. Sjónarhóll hefur þannig verið allt frá stofnun ómetanlegur samstarfsaðili ADHD samtakanna.

Við óskum stofnendum, núverandi og fyrrverandi stjórnarfólki og ráðgjöfum Sjónarhóls til hamingju með verðlaunin og óskum Sjónarhóli velfarnaðar.

Sjónarhóll er svo sannarlega vel að þessari viðurkenningu komin og sem þakklætisvott veittu samtökin þeim heiðursskjal þessu til staðfestingar ásamt listaverki eftir Mæju – Maríu Sif Daníelsdóttur.

Fyrirlestrar, fræðslu- og spjallfundir

Á árinu voru haldnir vel á fjórða tug spjall- og fræðslufunda vítt og breytt um landið, í útibúum og höfuðstöðvum samtakanna. Beinir útsendingar í lokaða hópnum ADHD í beinni voru einnig frá nokkrum fundanna. Í tvígang voru haldnir fræðslufundir fyrir einstaklinga sem ekki hafa íslensku að móðurmáli, annarsvegar á ensku og hins vegar á pólsku. Báðir fundirnir voru vel sóttir.

Þá voru sömuleiðis haldin vel á fjórða tug námskeiða og fyrirlestra í skólum, fyrirtækjum og stofnunum – bæði á staðnum og gegnum fjarfundabúnað. Hundruð einstaklinga hafa því notið fræðslu á vegum samtakanna á liðnu ári og fer sú starfsemi sífellt vaxandi.



TEAM ADHD

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka fór fram í lok ágúst. Á fjórða tug einstaklinga hljóp fyrir ADHD samtökin að þessu sinni og söfnuðu þau vel á níunda hundrað þúsund.

Námskeið og fræðsla

Námskeiðahald jókst umtalsvert frá fyrra ári og áframhaldandi aukin áhersla á þátttöku í gegnum fjarfundabúnað. Fimm ný námskeið hófu göngu sína á árinu; ADHD og fjármál, vefnámskeið fyrir fullorðna með ADHD, Understanding ADHD, vefnámskeið á ensku fyrir fullorðna með ADHD ásamt ADHD og Ég, Rafíþróttir og Tölvuleikjagerð sem öll eru ætluð börnum og ungmönnum með ADHD.

Á liðnu ári voru haldin 35 almenn námskeið á vegum samtakanna og sóttu þau um 500 einstaklingar, u.þ.b. 60 fleiri en árið á undan (440) 88% fullorðnir og 12% börn. Samfara auknu námskeiðahaldi á netinu fjölgaði þeim sem sóttu námskeið samtakanna utan höfuðborgarsvæðisins nokkuð. 57% þátttakenda sóttu námskeiðin á staðnum en verulega hallar á karlmenn þegar kemur að þátttöku í námskeiðum en þeir eru aðeins fjórðungur þátttakenda.

Auk námskeiðanna skipulögðu samtökin fjölda einstakra fyrirlestra og námskeiða á vegum fyrirtækja, stofnanna, skóla og félagasamtaka um allt land og hefur sú þjónusta samtakanna vaxið umtalsvert á liðnum árum – ekki síst hjá leikskólum og grunnskólum um allt land.



Tölvuleikjagerð og Minecraft

Fjögurra tíma námskeið fyrir 10-14 ára börn í samstarfi við Skema í HR í Tölvuleikjagerð og Minecraft. Námskeiðið er tvískipt. Annars vegar tölvuleikjagerð í Scratch og hins vegar sköpun í Minecraft.

Grunnskólinn og ADHD

Þriggja tíma fjarnámskeið ætlað grunnskólakennurum.

Leikskólinn og ADHD

Þriggja tíma fjarnámskeið ætlað starfsfólki leikskóla.

Skólaumhverfið og ADHD

Þriggja tíma fjarnámskeið fyrir starfsfólk grunnskóla og tómstundamiðstöðva sem ekki starfa við kennslu.

ADHD og fjármál

Fjögurra tíma fjarnámskeið um fjármál, með aðferðum sem virka fyrir fólk með ADHD. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar.

Rafíþróttir og ADHD

Kynningarnámskeið um rafíþróttir í samstarfi við rafíþróttadeild Fylkis fyrir stráka og stelpur.

KYNNINGARMÁL

Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar spila æ ríkara hlutverk í upplýsingamiðlun samtakanna. Nú starfrækja ADHD samtökin átta Facebook síður (aðalsíða samtakanna og útibú) ásamt Instagram síðu og koma auk þess með virkum hætti að starfi sjö öflugra Facebook hópa um ýmis málefni.

Fylgjendur samtakanna á Facebook voru í árslok 17.644 (fjölgaði um 8% á árinu) og 2.450 á Instagram (fjölgaði um 15% á árinu). Þátttakendur í þeim spjallhópum sem samtökin koma að hefur einnig fjölgað og eru þar ríflega 30.000 þátttakendur samanlagt.

ADHD í Beinni

Facebook síðan „ADHD í beinni“ hefur notið vaxandi vinsælda en þar er streymt ýmsum viðburðum samtakanna s.s. fundum og fyrirlestrum. Ofangreint svæði er opið fyrir alla skuldlausa félagsmenn samtakanna.



Lífið með ADHD

Lífið með ADHD – hlaðvarp ADHD samtakanna, var starfrækt allt árið. Þar birtust viðtöl við einstaklinga sem glíma við ADHD á einn eða annan hátt sem og fagmenn um málefni ADHD.

Viðmælendur úr öllum áttum þjóðlífsins miðluðu af reynslu sinni og sögðu frá gleði, sorgum og sigrum ásamt því að deila með áhorfendum fjölbreyttum og oft á tíðum meinfyndnum lífsreynslusögum.


Umsjón þáttanna var í höndum Bóasar Valdórssonar og Guðna Rúnars Jónassonar. Lífið með ADHD er að finna á vefsíðu samtakanna adhd.is og öllum helstu hlaðvarpsveitum.

Fjölmiðlaumfjöllun


Samtökin standa fyrir og hafa áhrif á að fjallað sé um efni er snerta málaflokkinn með ýmsum hætti. Formaður, varaformaður, framkvæmdastjóri og sérfræðingur úr stjórn samtakanna sátu reglulega fyrir svörum og voru áberandi í fjölmiðlum, bæði útvarpi, sjónvarpi og öðrum miðlum, þegar málefni tengd ADHD voru til umræðu.

Samkvæmt samantekt Creditinfo á fjölmiðlaumfjöllun um samtökin jókst hún lítillega milli ára – jókst í ljósvakamiðlum en dróst saman í prentmiðlum, enda hætti Fréttablaðið á árinu.

Línuritið hér fyrir neðan sýnir þróun fjölda birtra greina fréttu um samtökin hjá öllum miðlum. Í töflunni á næstu síðu má svo sjá niðurbrot á gögnum.



Umfang umfjöllunar eftir tegundum fjölmiðla árið 2023



Þróun fjölda fréttu árið 2023 samanborið við 2022

	2022	2023
Netmiðlar	45	50
Prentmiðlar	10	3
Sérvefir	7	12
Sjónvarp/Útvarp	6	9
Samtals	68	74

Þróun fjölda fréttarárið 2023 samanborið við 2022

Ályktanir og umsagnir

Stjórn samtakanna beitti sér með ýmsum hætti opinberlega á árinu. Auk greinaskrifa og viðtala í fjölmiðlum sendu samtökin frá sér eina ályktun og eitt opinbert erindi vegna aksturs og ADHD lyfja:


Ályktanir og áskoranir:

Apríl – Betra líf með ADHD í 35 ár – ályktun aðalfundar um fjölbreytta sigra liðinna ára og mikilvægi þess að þjónusta hins opinbera fylgi þróuninni og stóraukinni þörf fólks með ADHD.

Umsagnir og athugasemdir:

September – Opið bréf til ráðherra og alþingismanna vegna tillagna ADHD samtakanna til breytinga á undanþáguákvæðum 8. og 9. mgr. 101. gr. umfl. nr. 77/2019.





Yfirlitskort af útibúum ADHD samtakanna

Landsbyggðin

ADHD samtökin hafa undanfarin ár stóraukið starfsemi sína á landsbyggðinni, bæði með stofnun útibúa og aukinni rafrænni starfsemi. Á árinu hóf nýtt útibú starfsemi á Vestfjörðum, ADHD Vestfirðir. Nú starfa því sjö útibú á landsbyggðinni þar sem boðið er upp á spjallfundi og ýmiskonar samskipti sem ætlað er að styrkja samfélag fólks með ADHD á svæðunum. Útibúin eru misvirk, en starfsemin í Vestmanneyjum og á Suðurnesjum var sérstaklega blómleg á liðnu ári.

Víða um land hafa leik- og grunnskólar staðið fyrir fræðslu og námskeiðahaldi í samstarfi við ADHD samtökin, m.a. að frumkvæði sveitarfélaganna sjálfra. Á Suðurnesjum stóð velferðarnetið t.d. fyrir fræðslu í öllum skólum svæðisins, grunnskólar við Eyjafjörð stóðu sameiginlega að fræðslu fyrir starfsfólk sitt og á Dalvík var haldinn heill dagur með alls kyns fræðslu fyrir börn, foreldra og starfsfólk skóla. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi slíkrar fræðslu vítt og breytt um landið.

SAMSTARF



Norrænt samstarf

ADHD samtökin hafa um árabíl verið aðilar að norrænu samstarfi og er það samtökunum afar mikilvægt að vinna með frændþjóðum okkar að ýmsum sameiginlegum verkefnum og stefnumótun. Á árinu hittust fulltrúar samtakanna í Þórshöfn í Færeyjum.

ADHD Europe

Samtökin eru meðlimir í ADHD Europe og er framkvæmdastjóri samtakanna, Hrannar B. Arnarsson varaforseti samtakanna. Auk Hrannars starfa ýmsir úr stjórn og starfsfólk samtakanna í ráðum og nefndum ADHD Europe.

ADHD World Federation

Á árinu samþykkti stjórn að sækja um aðild að ADHD World Federation. Árlegt þing samtakanna var haldið í Amsterdam og sótti Gyða Sigurlaug Haraldsdóttir, varaformaður ráðstefnuna.

CHADD í Baltimore

Í lok árs samþykkti stjórn að styðja stjórnar- og starfsfólk ADHD samtakanna til þátttöku í CHADD ráðstefnunni sem að þessu sinni var haldin í Baltimore í Bandaríkjunum. CHADD ráðstefnan er stærsti viðburður hvers árs sem fjallar um málefni fólks með ADHD. Tíu einstaklingar sóttu þingið á vegum ADHD samtakanna og nutu til þess ýmissa styrkja. Óhætt er að segja að ferðin hafi verið fróðleg og gefandi.

CHADD ráðstefna Baltimore

Samstarf og starfshópar

Fulltrúar ADHD samtakanna hafa unnið ötullega með ÖBÍ réttindasamtökum í baráttu fyrir bættum hag einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir. Formaður samtakanna, Vilhjálmur Hjálmarsson, er formaður málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál og situr sem slíkur í stjórn ÖBÍ. Bergþór Þórðarson, varamaður í stjórn samtakanna, gegnir varaformennsku í ÖBÍ. Þá situr framkvæmdastjóri samtakanna í málefnaþópi um atvinnu-og menntamál og fulltrúi samtakanna gegnir einnig störfum í laganefnd ÖBÍ.

Varaformaður samtakanna, Gyða S. Haraldsdóttir tók í lok árs sæti í vinnuhóp heilbrigðisráðherra, sem hefur það hlutverk að skrifa Grænbók um ADHD á Íslandi. Samtökin eru aðili að Almannaheillum og situr Tryggvi Axelsson í stjórn samtakanna. Sem einn af stofnaðilum ráðgjafarmiðstöðvar Sjónarhóls skipa samtökin fulltrúa í stjórn þeirra og gegnir Hrannar B. Arnarsson, framkvæmdastjóri samtakanna nú formennsku í stjórn Sjónarhóls.

Helstu áherslur

Stór hluti af starfsemi samtakanna varðar hagsmunagæslu. Undanfarið ár hefur þetta einkum snúið að lyfjaumræðu, óviðunandi þjónustu hins opinbera við greiningar og meðferð vegna ADHD, þjónustu geðlækna- og sálfræðinga og annarra atriða er snerta réttindi einstaklinga með ADHD, til að mynda rétt þeirra til náms.

Barátta samtakanna á liðnum árum hefur skilað því, að allt þjónustukerfi hins opinbera við greiningar og meðferð

á ADHD var tekið til endurskoðunar í lok árs 2021. Endurskoðuninni fylgdu fögur fyrirheit um styttingu biðlista og aukinn meðferðarstuðning og hefur liðið ár farið að stjórum hluta í að fylgja þessum breytingum og fögru fyrirheitum eftir, bæði gagnvart ráðherra, einstökum þjónustuaðilum, fagstéttum sem koma að greiningum og Embætti landlæknis sem og í almennri umræðu.

Því miður hefur árangurinn ekki verið sem skyldi og hafa biðlistar ekkert styst. Þvert á móti hafa þeir lengst og biðtími sömuleiðis, bæði hjá fullorðnum og börnum. Nýtt ADHD teymi HH fyrir fullorðna hefur hvergi nærri undan álaginu og hafa biðlistar þar tvöfaldast á árinu. Hjá nýrri Geðheilsumiðstöð barna, sem tók yfir starfsemi Þroska- og hegðunarmiðstöðvar, hefur á sama tíma lítið gengið að vinna niður biðlista, en haldið er í horfinu milli ára. Í lok árs voru hátt í 4000 einstaklingar á biðlistum hjá hinu opinbera, 2.600 fullorðnir og 1.400 börn.

Óhætt er að segja að ástandið sé grafalvarlegt og algerlega óásættanlegt. Undir lok árs skipaði Heilbrigðisráðherra loks löngu boðaðan vinnuhóp, sem ætlað er að skrifa stefnumarkandi Grænbók um málefni ADHD á Íslandi. Varaformaður ADHD samtakanna, Gyða S. Haraldsdóttir á sæti í hópnum og er honum ætlað að skila henni af sér í byrjun sumars 2024.

Skaðinn af ógreindu og ómeðhöndluðu ADHD getur verið gríðarlegur. Ekki bara fyrir einstaklinginn sjálfan og fjölskyldu hans, heldur einnig samfélagið allt. Á liðnu ári beindu ADHD samtökin sérstakri athygli að þessum þáttum, ekki síst til að þrýsta á kröftugri aðgerðir stjórnvalda til að bæta þjónustuna.

ADHD samtökin hafa um langt skeið barist fyrir því að sálfræðiþjónusta verði niðurgreidd á sömu forsendum og önnur heilbrigðiþjónusta og hún felld undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands eins fljótt og auðið er. Snemmbært aðgengi að greiningu og sálfræðimeðferð er til þess fallin að draga verulega úr margvíslegum kostnaði, hvort heldur átt er við fjárhagslegan kostnað samfélagsins eða þann mannlega kostnað sem einstaklingar þurfa að bera. Sálfræðiþjónusta getur oftast en ekki verið nauðsynleg til að hjálpa viðkomandi að verða fullgildur þátttakandi í samfélaginu og um leið gera honum kleift að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.



Hrannar Björn Arnarsson
Framkvæmdastjóri
Netfang: hrannar@adhd.is



Elín H. Hinriksdóttir
Sérfræðingur
Netfang: elin@adhd.is



Sindri Freyr Ásgeirsson
Verkefnastjóri upplýsingamála
Netfang: sindri@adhd.is



Paula Newman
Verkefnastjóri
Netfang: paula@adhd.is



Guðni Rúnar Jónasson
Verkefnastjóri
Netfang: gudni@adhd.is

Starfsmannamál

Starfsmenn samtakanna voru í lok árs fimm talsins. Líkt og fyrri ár lögðu stjórnarmenn ADHD samtakanna á sig talsverða vinnu fyrir samtökin í þeim verkefnum sem fyrir lágu ásamt forsvarsmönnum útibúa. Linda Hrönn Sigfúsdóttir, Erna Sigrún, Atli Viðar og Sigríður Pedersen stóðu vaktina hjá ADHD Norðurlandi. Ása Ingibergsdóttir og Ásta Björk Guðnadóttir hjá ADHD Eyjum. Sigurlín H. Kjartansdóttir og Eðvarð Þór Grétarsson fyrir ADHD Austurland. Drífa Pálín Geirs, Helga Helgadóttir, Inga Dóra Ragnarsdóttir og Violette Meyssonier fyrir ADHD Suðurland. Hjördís Ólafsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Heiða Ingólfssdóttir fyrir ADHD Suðurnes. Lilja Gréta fyrir ADHD Vesturland og Helena Jónsdóttir og Sigríður Álfhildardóttir fyrir ADHD Vestfirði. Framlag þeirra er mikils virði fyrir samtökin en öll þeirra vinna er unnin í sjálfboðastarfi.

Stjórn samtakanna

Aðalfundur samtakanna var haldinn þann 19. apríl 2023. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti fundurinn ályktun undir yfirskriftinni Betra líf með ADHD í 35 ár.

Í samræmi við lög samtakanna var kjörið í helming stjórnarsæta til ársins 2025 en stjórn ADHD samtakanna skipa sjö aðalmenn og tveir til vara. Allir stjórnarmenn sem voru til endurkjörs gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa og voru endurkjörnir, þar á meðal formaður og varaformaður. Stjórnin samtakanna árið 2023-2024 var þannig skipuð:

Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður (kosinn til aðalfundar 2025)

Gyða Haraldsdóttir, varaformaður (kosin til aðalfundar 2025)

Elín Hrefna Garðarsdóttir, gjaldkeri (kosin til aðalfundar 2024)

Tryggvi Axelsson, ritari (kosinn til aðalfundar 2024)

Sigrún Jónsdóttir, meðstjórnandi (kosin til aðalfundar 2024)

Bóas Valdórsson, meðstjórnandi (kosinn til aðalfundar 2025)

Ása Ingibergsdóttir, meðstjórnandi (kosin til aðalfundar 2024)

Varamenn:

Björn S. Traustason, (kosinn til aðalfundar 2024)

Bergþór Heimir Þórðarson, (kosinn til aðalfundar 2025)

Stjórn samtakanna fundaði 9 sinnum á liðnu ári, yfirleitt fyrsta mánudag í hverjum mánuði.

Húsnæðismál

Vegna fjölgunar starfsfólks og aukinna umsvifa fjárfestu samtökin í auknu húsnæði á árinu. Samtökin bættu við sig 4,6% í húseigninni að Háaleitisbraut 13, en áður áttu samtökin 5,8% í eigninni. Núverandi skrifstofurými samtakanna er um 55 fm. eftir kaupin.



Háaleitisbraut 13


Á árinu var áfram unnið með yfirvöldum að innleiðingu laga um farsæld barna. Þar er að finna ýmsar framfarir í málefnum barna ásamt því að skýra alla verkferla og mikil áhersla lögð á samfellu í þjónustu og snemmtæka íhlutun. Mikilvægt er að fylgja vel eftir innleiðingu laganna á næstu árum.

Þá var mikil vinna lögð í að bæta réttarstöðu fólks sem notar ADHD lyf í umferðinni. Ítrekað hafa komið upp tilvik á liðnum árum þar sem svo virðist sem ADHD lyf hafi verið grunnur að ökuleyfissviptingu, þvert gegn áður viðteknum vinnureglum lögreglu og dómstóla. Eftir að hafa ítrekað kallað eftir upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra um framkvæmd þessara mála fengust loksins svör á árinu og á grundvelli þeirra útbjuggu samtökin greinargerð og formlegar tillögur um breytt lagaumhverfi og vinnutilhögun í málaflokknum. Innviðaráðuneytið hefur tekið tillögunum vel og er nú unnið að endurskoðun lagaumhverfisins á grundvelli tillagna ADHD samtakanna. Samtökin munu á næstu misserum fylgja málinu eftir til að bæta réttarstöðu þeirra sem nota ADHD lyf.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að koma inn almennri fræðslu um ADHD í menntastofnanir landsins og ekki síst inn í grunnnám kennara. Með réttum kennsluaðferðum er hægt að bæta verulega líðan barna með ADHD í skóla, íþróttum og öðru frístundastarfi. Í þessu samhengi má reyndar benda á að „sértækar lausnir“ hvað þetta varðar reynast oft ekki sértækari en svo að breytingin gagnast börnum í heild. Stórefld fræðsla ADHD samtakanna fyrir kennara og annað starfsfólk skóla er liður í þessu mikilvæga verkefni.

Samþykkt á stjórnarfundum 2. apríl 2024.

Fyrir hönd stjórnar,



Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður

ÁRSREIKNINGUR

ADHD samtökin fta.

Ársreikningur
2023

ADHD samtökin fta.
Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík
590588-1059

Óendurskoðaður ársreikningur

Efnisyfirlit

Ársreikningur 2023

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3	Efnahagsreikningur	8
Skýrsla og áritun félagskjörinna skoðunarmanna	5	Sjóðstreymi	10
Áritun endurskoðenda	6	Skýringar	11
Rekstrarreikningur	7		

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur 2023

ADHD samtökin fta. eru landssamtök til stuðnings börnum og fullorðnum með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir. Samtökin voru stofnuð árið 1988 og hétu þá Foreldrafélag misþroska barna. Á árinu 2022 voru ADHD samtökin samþykkt sem félag til almannaheilla, í samræmi við lög þar um. Stjórn samtakanna hefur einnig sett sér starfsreglur í samræmi við nýjar samþykktir fyrir ADHD samtökin fta.

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með ADHD og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og hafi gott aðgengi að þjónustu sem hefur það að markmiði að hámarka hæfni þeirra og lífsgæði á öllum aldurskeiðum.

Áframhaldandi vöxtur og verkefni tengd 35 ára afmæli ADHD samtakanna einkenndi starfsemina árið 2023. Félagsmönnum fjölgaði úr 4086 í 4470 eða um 9%. Útibúum fjölgaði, námskeiðahald og fræðslustarf samtakanna jókst og mikil áhersla var lögð á lyfjamál og baráttu fyrir bættri og aukinni þjónustu hins opinbera við greiningar og meðferð vegna ADHD. Fylgjendur samtakanna á Facebook voru í árslok 17.644 (fjölgaði um 8% á árinu) og 2450 á Instagram (fjölgaði um 15% á árinu).

Í tilefni af 35 ára afmæli samtakanna var ákveðið að ráðast í nokkur stór verkefni á árinu, allt undir nýju merki félagsins og slagorðinu Betra líf með ADHD. Veglegt afmælissrit var gefið út og því dreift um allt land, Afmælishátíð var haldin á afmælisdaginn, þar sem m.a. forsætisráðherra heiðraði brautryðjendur samtakanna, Sumarhátíð var haldin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og glæsileg alþjóðleg afmælissráðstefna var haldin í lok október með meiru. Á árinu voru einnig haldnir vel á fjórða tug spjall- og fræðslufunda vítt og breytt um landið. Námskeið samtakanna voru 35 og hafa aldrei verið fleiri - þátttakendur voru vel á áttunda hundruð. Fimm ný námskeið hófu göngu sína á árinu; ADHD og fjármál, vefnámskeið fyrir fullorðna með ADHD, Understanding ADHD, vefnámskeið á ensku fyrir fullorðna með ADHD og ADHD og Ég, Rafíþróttir og Tölvuleikjagerð öll fyrir börn og ungmenni með ADHD. Þá voru fræðsluerindi á vegum samtakanna, í skólum, fyrirtækjum og stofnunum vel á fjórða tug. Hlaðvarp samtakanna, Lífið með ADHD hélt áfram göngu sinni sem og beinar útsendingar af viðburðum í hópnum ADHD í beinni og árlegur vitundarmánuður var haldinn í október með kröftugri afmælisáherslu. Á árinu voru Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna veitt í þriðja sinn og veittu fulltrúar Sjónarhóls þeim viðtöku við hátíðlega athöfn. Á árinu fjölgaði starfsmönnum samtakanna úr fjórum í fimm og í kjölfarið fjárfestu samtökin í stærra húsnæði.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum um ársreikninga. Við gerð ársreiknings er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Að áliti stjórnar ADHD samtakanna koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2023, afkomu árið 2023 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Á árinu störfuðu að meðaltali rúmlega 4 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur samtals 51,4 millj. kr. Að auki greiddi félagið 1,2 millj. kr. í bifreiðastyrk og 12,7 millj. kr. í launatengd gjöld. Á árinu greiddu samtökin 2,5 millj. kr. í verktakagreiðslur til stjórnarmanna vegna námskeiða og spjallfunda.

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn


Ársreikningur

Tap varð af rekstri samtakanna á árinu 2023 að fjárhæð 25,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 15,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn ADHD samtakanna staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023.

Reykjavík, 20 mars 2024


Stjórn:



Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður



Gyða Sigurlaug Haraldsdóttir, varaformaður



Elín Hrefna Garðarsdóttir, galdkeri



Trygvi Axelsson, ritari



Bóas Valdórsson




Sigrún Jónsdóttir



Ása Ingibergsdóttir

Frankvæmdastjóri:



Hrannar Arnarsson

Skýrsla og áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Ársreikningur 2023

Við höfum yfirfarið ársreikning ADHD samtakanna fta. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við höfum látið í ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar.

Það er okkar álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakana á árinu 2023 og efnahag þess 31. desember 2023 í samræmi við lög og samþykktir þeirra og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 19 mars 2024


Árný Ingvarsdóttir


Þórarinn Snorri Sigurgeirsson

Áritun endurskoðenda

Ársreikningur 2023

Til stjórnar og félagsmanna ADHD samtakanna fta.

Inngangur

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings ADHD samtakanna fta. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Umfang

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsum liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi ekki minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ADHD samtakanna á árinu 2023, efnahag þann 31. desember 2023 og yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 20 mars 2024

APaL ehf.

Sigur Arnarson

Rekstrarreikningur 2023

Ársreikningur 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Tekjur	2, 10	105.575.657	92.311.064
Afmælisráðstefna og hátíð	11	3.882.400	0
Aðrar tekjur	12	640.024	5.749.713
		<u>110.098.081</u>	<u>98.060.777</u>
Rekstrargjöld			
Fræðsla, kynningar og fjáröflun	13	36.678.606	35.301.559
Laun og launatengd gjöld	14	67.277.855	55.786.953
Kostnaður vegna afmælisráðstefnu og hátíðar	15	13.360.069	0
Húsnæðiskostnaður	16	3.789.977	2.884.857
Annar rekstrarkostnaður	17	15.517.159	10.761.590
		<u>136.623.666</u>	<u>104.734.959</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		(26.525.585)	(6.674.182)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	18	1.485.662	1.048.884
Fjármagnsgjöld	19	(156.076)	(295.279)
		<u>1.329.586</u>	<u>753.605</u>
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		(25.195.999)	(5.920.577)
(Tap) hagnaður ársins		<u>(25.195.999)</u>	<u>(5.920.577)</u>

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Efnahagsreikningur

Ársreikningur 2023

		Skýr.	2023	2022
Eignir				
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteign	20	20.764.733	6.504.733	
Fastafjármunir samtals	5, 20	20.764.733	6.504.733	
Fastafjármunir samtals		20.764.733	6.504.733	
Veltufjármunir				
Birgðir		7.167.646	4.216.003	
Viðskiptakröfur	6	2.369.725	4.502.436	
Handbært fé	8	709.622	36.299.041	
		10.246.993	45.017.480	
Eignir samtals		31.011.726	51.522.213	

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

31. desember 2023

Ársreikningur 2023

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2023	2022
Eigið fé			
Stofnfé		4.621.194	4.621.194
Óráðstafað eigið fé		11.158.456	36.354.455
	21	<u>15.779.650</u>	<u>40.975.649</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		<u>15.232.076</u>	<u>10.546.564</u>
		<u>15.232.076</u>	<u>10.546.564</u>
	Skuldir samtals	<u>15.232.076</u>	<u>10.546.564</u>
	Skuldir og eigið fé samtals	<u><u>31.011.726</u></u>	<u><u>51.522.213</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Yfirlit um sjóðstreymi 2023

Ársreikningur 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma		(25.195.999)	(5.920.577)
Veltufé til rekstrar		(25.195.999)	(5.920.577)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		(2.951.643)	1.955.997
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		2.132.711	(2.467.138)
Skammtímaskuldir, hækkun		4.685.512	1.546.699
Handbært fé (til) frá rekstri		(21.329.419)	(4.885.019)
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	20	(14.260.000)	0
		(14.260.000)	0
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(35.589.419)	(4.885.019)
Handbært fé í upphafi ársins		36.299.041	41.184.060
Handbært fé í lok ársins		709.622	36.299.041

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Skýringar

Ársreikningur 2023

Almennar upplýsingar

ADHD samtökin eru skráð á Íslandi. Samtökin eru með höfuðstöðvar í Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík. Ársreikningur félagsins er fyrir árið 1. janúar til og með 31. desember 2023.

Félagið var stofnsett á árinu 1988. Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Innlausn tekna

2. Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af styrkjum og framlögum, félagsgjöldum, seldum námskeiðum, bókum og vörum. Tekjur og vaxtatekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið, að undanskyldum félagsgjöldum sem eru til tekna við innheimtu.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok reikningsskilatímabils. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

4. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand. Eignin er ekki afskrifuð á líftíma hennar.

Viðskiptakröfur

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði. Félagsgjöld sem innheimtast í upphafi næsta árs eru færð meðal krafna. Einnig er meðal krafna styrktarloforð sem ógreidd eru um áramót.

Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra

7. Á árinu 2018 kom í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna hafði dregið að sér umtalsverða fjármuni. Framkvæmdastjóra var umsvífalaust vikið frá störfum. Þann 29.04.2020 dæmdi Héraðsdómur Reykjaness fyrrum framkvæmdastjóra til að greiða samtals 9,2 millj. kr. auk málskostnaðar 168 þús. kr. auk dráttarvaxta. Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra hefur því verið færð niður í samsvarandi fjárhæð í gegnum eigið fé, en er í innheimtufurli.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2023

Handbært fé

8. Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en þriggja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum.

Skuldbindingar

9. Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Rekstrarreikningur

Tekjur

	2023	2022
10. Tekjur samtakanna skiptast með eftirfarandi hætti:		
Styrkir	35.151.109	36.005.200
Framlög frá Ríkissjóði	19.515.000	12.500.002
Framlög frá Öryrkjabandalagi Íslands	9.301.249	9.287.604
Styrkir sveitarfélaga	3.825.000	3.940.000
Evrópuverkefni Childs talks	834.191	1.719.559
Framlög vegna Reykjavíkumaraþons	716.340	1.071.549
	<u>69.342.889</u>	<u>64.523.914</u>
Félagsgjöld	<u>10.869.709</u>	<u>8.931.550</u>
Námskeið	17.812.273	12.838.153
Fyrirlestrar og fræðsla	2.062.000	1.234.000
	<u>19.874.273</u>	<u>14.072.153</u>
Vörusala og seldar bækur	3.597.677	2.866.154
Endurskinsmerki	1.891.109	1.891.648
Jólakort og minningarkort	0	25.645
	<u>5.488.786</u>	<u>4.783.447</u>
Tekjur samtals	<u>105.575.657</u>	<u>92.311.064</u>
11. Tekjur vegna afmælishátíðar		
Þátttökugjöld afmælisráðstefnu	3.882.400	0
	<u>3.882.400</u>	<u>0</u>
12. Aðrar tekjur		
Styrkur vegna starfsþjálfunar	174.904	5.749.713
CHADD ráðstefna	465.120	0
	<u>640.024</u>	<u>5.749.713</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2023

<i>Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu</i>	2023	2022
13. Fræðsla, kynningar og fjáröflun:		
Kostnaður við námskeið	14.461.665	10.399.484
Málþing	0	190.000
Spjallfundir	1.630.627	1.036.650
Ráðstefnur	597.119	60.000
Markaðs- og fræðslukostnaður	3.913.903	4.323.682
	<u>20.603.314</u>	<u>16.009.816</u>
Kostnaður við fjáröflun, vörusölu og sölu bóka skiptist með eftirfarandi hætti:		
Aðkeypt þjónusta við fjáröflun	12.650.009	13.123.415
Kostnaðarverð seldra vara	4.286.878	1.357.525
Bókaútgáfa	588.969	1.176.836
Birgðabreyting	(2.951.643)	1.955.997
Útgáfa bæklinga	596.097	1.303.850
Burðargjöld	904.982	374.120
	<u>16.075.292</u>	<u>19.291.743</u>
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	<u>36.678.606</u>	<u>35.301.559</u>
<i>Laun og launatengd gjöld</i>		
14. Laun og launatengd gjöld skiptast með eftirfarandi hætti:		
Laun	51.421.100	43.370.972
Áunnið orlof	2.000.000	1.000.000
Ökutækjastyrkur	1.192.500	840.000
Lífeyrissjóður	7.714.179	6.561.075
Tryggingagjald	3.830.812	3.229.969
Önnur launatengd gjöld	1.119.264	784.937
	<u>67.277.855</u>	<u>55.786.953</u>
Meðalfjöldi starfsmanna	4,5	4

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2023

Rekstrarkostnaður

	2023	2022
15. Kostnaður vegna afmælisráðstefnu og hátíðar		
Afmælisráðstefna	6.882.226	0
Afmælisblað	4.858.521	0
Sumarhátíð	457.882	0
Afmælishátíð	1.161.440	0
	<u>13.360.069</u>	<u>0</u>
16. Húsnæðiskostnaður		
Rekstur sameignar	1.111.499	1.018.164
Fasteignagjöld	239.730	226.002
Viðhald húsnæðis	1.993.325	176.573
Salarleiga	114.000	606.000
Leiga á skrifstofu	180.000	720.000
Annar rekstrarkostnaður fasteignar	151.423	138.118
	<u>3.789.977</u>	<u>2.884.857</u>
17. Annar rekstrarkostnaður		
Hlutdeild í launum húsfélags og Þroskahjálpar	1.012.480	995.955
Árgjöld	238.941	121.590
Fundakostnaður	664.575	602.501
Samskiptakostnaður	410.910	454.866
Skrifstofuvörur	319.629	479.754
Áhöld og tæki	1.020.144	1.586.092
Rekstur tölvukerfis	365.961	180.052
Rekstur heimasíðu	1.384.599	257.663
Bókhaldsþjónusta og gerð ársreiknings	3.768.902	2.890.787
Aðkeypt þjónusta	605.000	420.000
Lögfræðikostnaður	39.586	60.760
Dagpeningar	1.061.515	154.179
Ferðakostnaður	2.036.877	765.796
Annar starfsmannatengdur kostnaður	651.741	352.673
Banka- og þjónustugjöld	1.308.774	1.261.170
Gjafir og styrkir	500.000	129.015
Annar kostnaður	127.525	48.737
	<u>15.517.159</u>	<u>10.761.590</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2023

Rekstrarkostnaður, framhald

Fjármunatekjur

18. Fjármunatekjur skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtatekjur	1.485.662	1.048.884
-------------------	-----------	-----------

Fjármagnsgjöld

19. Fjármagnsgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtagjöld	61.667	63.973
Fjármagnstekjuskattur	94.409	231.306
	<u>156.076</u>	<u>295.279</u>

Varanlegir rekstarfjármunir

20. Varanlegir rekstarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign
2022	
Heildarverð 01.01.	6.504.733
Bókfært verð 31.12.	<u>6.504.733</u>
2023	
Heildarverð 01.01.	6.504.733
Keypt á árinu	14.260.000
Bókfært verð 31.12.	<u>20.764.733</u>

Eignarhluti í fasteigninni Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, fastanúmer F2500026 og F2246700 nemur 10,4% á hvoru fastanúmeri. Keyptur eignarhlutur á árinu nam 4,6%. Fasteignamat eignarinnar nemur 23,8 millj. kr. og brunabótamat 40,5 millj. kr. Eignin er veðbandslaus.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2023

Eigið fé

21. Yfirlit um eigið fé:

2022	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01.	4.621.194	51.656.408	56.277.602
Niðurfærð krafa á fyrrum framkvæmdastjóra		(9.381.376)	(9.381.376)
Tap ársins		(5.920.577)	(5.920.577)
Eigið fé 31.12.	<u>4.621.194</u>	<u>36.354.455</u>	<u>40.975.649</u>
2023			
Eigið fé 01.01.	4.621.194	36.354.455	40.975.649
Tap ársins		(25.195.999)	(25.195.999)
Eigið fé 31.12.	<u>4.621.194</u>	<u>11.158.456</u>	<u>15.779.650</u>